

39

4. apríl

L Ö G

um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.
2. Að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra að Eyri í Ingólfsvfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi í sömu sýslu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

Enn fremur heimilast Skógrækt ríkisins að selja Birni Jóhannssyni bónda á Skriðufelli land jarðarinnar Skriðufells milli Hvammsár, Sandár, Selgils og Prengslagils, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið eða það sé ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

40

4. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 1. gr. laganna bætist:

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Sama rétt getur framleiðsluráð veitt Sambandi smásöluverzlana, ef rætt er um málefni, sem það varða sérstaklega.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu